

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 69/96**frá 18. janúar 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2676/90 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngreiningu(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1544/95 ⁽²⁾, einkum 74. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í lið 2.2.3.3.2 í 25. kafla í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90 frá 17. september 1990 um að ákveða aðferðir bandalagsins við víngreiningu ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 60/95 ⁽⁴⁾, er lýst aðferð við greiningu á innihaldi brennisteinsdíoxíðs í þrúgusafa er leiðir til þess að auðveldara er að skilja efnið út en með þeirri aðferð sem var notuð áður samkvæmt lið 13.4 í 13. kafla. Af þessu leiðir að meira innihald af brennisteinsdíoxíði greinist nú í þrúgusafa og gæti það farið yfir leyfilegt hámarksinnihald. Með það í huga að rekstraraðilar verða að gera tæknilegar breytingar vegna þessarar aðferðar og til að koma í veg

fyrir erfiðleika við að losna við þrúgusafa ætti að framlengja aðlögunartímabilið, þegar heimilt er að greina innihald brennisteinsdíoxíðs með eldri aðferðinni, til loka vínreктarársins. Forðast ber að gera hlé á beitingu nákvæmra reglna í tengslum við þessa greiningaraðferð.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Í annari málsgrein liðar 2.2.3.3.2 í 25. kafla í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2676/90 komi dagsetningin „31. ágúst 1996“ í stað dagsetningarinnar „31. desember 1995“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. janúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttó. EB nr. L 14, 19. 1. 1996, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/97 frá 10. júlí 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttó. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

(2) Stjttó. EB nr. L 148, 30. 6. 1995, bls. 31.

(3) Stjttó. EB nr. L 272, 3. 10. 1990, bls. 1.

(4) Stjttó. EB nr. L 11, 17. 1. 1995, bls. 19.